

# Er öryggi sjúklinga ógnað af erlendum starfskröftum?

Ný tungumálastefna Landspítala, þar sem kveðið er á um að íslenska sé aðaltungumál spítalans og að starfsfólk í beinni þjónustu við sjúklinga skuli skilja og tala íslensku, hefur vakið verulegar umræður innan heilbrigðiskerfisins.

Í tilkynningu spítalans í byrjun desember er lögð áhersla á að stefnan sé liður í að tryggja öryggi sjúklinga.

Súsanna Björg Ástvaldsdóttir, yfirlæknir heilsugæslu á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, segir að stefnan sé ekki nægilega útfærð því erlendir læknar gegni víða lykilhlutverkum

■■■ Olga Björt Þórðardóttir

Súsanna bendir á að framsetning Landspítala geti leitt til misskilnings um að skylda sé lögð á allt heilbrigðisstarfsfólk, þar með talið lækna, um að búa yfir fullnægjandi íslenskukunnáttu. Hún segir að í kynningu spítalans komi ekki skýrt fram hvort læknar falli undir þessa skyldu. „Ef Landspítalinn fullyrðir að það ógni öryggi sjúklinga að starfsmaður í beinni þjónustu tali ekki íslensku, hvernig geta þeir þá réttlætt að erlendir læknar, þar á meðal á bráðamóttöku, starfi þar? Þetta er þversögn sem stofnunin þarf sjálf að skýra,“ segir hún.

## Vestfirðir byggja þjónustuna á erlendum læknum

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða eru fimm danskir læknar starfandi á Ísafirði, sem er helmingur lækna á staðnum. Súsanna segir það einfaldlega ekki raunhæft að krefjast þess að þeir tali íslensku að því marki sem tungumálastefnan virðist gera ráð fyrir. „Ef ég myndi senda alla dönsku lækna heim gæti ég ekki mannað vaktirnar. Valið er í raun milli þess að hafa lækni sem talar ekki íslensku eða að hafa engan,“ segir hún.

Hún segir að gert sé ráð fyrir öflugri stoðþjónustu og teymisvinnu til að tryggja samskipti og öryggi. Dönsku lækarnir séu aldrei einir á vakt á Ísafirði og byggi á samvinnu við hjúkrunarfræðinga og sérfræðinga. Þar með sé tryggt að þeir standi ekki einir frammi fyrir sjúklingum sem þeir skilji ekki. Á Patreksfirði sé hins vegar til dæmis önn-



Súsanna Björg er eini íslenski fastráðni sérfræðingurinn á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Myndlaðsend

ur staða þar sem læknar eru oftast einir á vakt, sem geri það að verkum að erlendir læknar séu síður raunhæfur kostur þar.

## Samfella og öryggi fyrir íbúa

Súsanna segir að rekstrarlíkan sem byggir á erlendum læknum hafi skapað meiri samfellu í þjónustu en áður tíðkæðist. Í stað þess að treysta á íslenska verktakalækna sem kæmu í einnar viku lotum, oftast einu sinni til þrisvar á ári, séu danskir læknar oft í ársstöðum. Það þýði að sjúklingar geti oftast hitt sama lækni og átt betri möguleika á eftirfylgd og lausn sinna mála. „Þetta eykur öryggi og gæði þjónustunnar. Það er mun betra fyrir sjúkling að hitta sama lækinn nokkrum sinnum á ári heldur en að taka við vaktalæknum sem koma og fara,“ segir hún.

Að mati Súsönnu gæti skilyrði um íslenskukunnáttu fyrir alla lækna haft víðtækar og neikvæðar afleiðingar, bæði

á Landspítala og á landsbyggðinni. Hún nefnir sem dæmi að erlendir læknir starfi á bráðamóttöku Landspítala og því sé brýnt að spítalinn útskýri hvernig það falli að þeirra eigin röksemd að tungumál sé öryggismál. „Ef þessi krafa verður lögð á læknaþéttina, er hætt við að margar heilbrigðisstofnanir lendi í erfiðleikum með að sinna grunnþjónustu. Erlendir læknar eru víða burðarásar í kerfinu,“ segir hún.

## Eini fastráðni sérfræðingurinn

Hún segir að það sé sérstaklega erfitt að heyra slíkar kröfur settar fram þegar hún sé eini íslenski fastráðni sérfræðingurinn á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða og reki þjónustu sem sé þegar brothætt. Svo sé skurðlæknir sem hafi ráðið sig til eins árs, en öll hin séu unglæknar, almennir læknar og sérnámslæknar í heimilislækningum „Það myndi allt hrynja ef erlendu lækarnir þyrftu að fara,“ segir hún.

Að lokum bendir hún á að fleiri stofnanir séu þegar farnar að leita erlendra lækna, meðal annars Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Hún segir að það endurspegli að heilbrigðiskerfið sé háð erlendu starfsfólki og að stefnumótun þurfi að taka mið af raunverulegum aðstæðum, ekki aðeins hugsjónum. Hún óttast að umræðan um tungumálastefnu hafi verið „matreidd á rangan hátt“ og að áherslur sem eigi að auka öryggi sjúklinga gætu í reynd grafið undan grunnþjónustu á landsbyggðinni.

# Málverk afhent Læknafélagi Íslands

Á haustdögum hafði Ólafur Jónsson svæfinga- og gjörgæslu-læknir samband við Læknafélag Íslands og tilkynnti að hann vildi gefa félaginu vatnslitamynd af Nesstofu á Seltjarnarnesi. Stjórn félagsins ákvað með þökkum að þiggja þessa góðu gjöf. Ólafur og eiginkona hans, Bára Þorgrímsdóttir, afhentu formanni LÍ, Steinunni Þórðardóttur, myndina 17. nóvember síðastliðinn.

Myndina af Nesstofu málaði Gunnlaugur Stefán Gíslason (1944-2021) listmálari. Myndina fékk Ólafur að gjöf á fimmtugsafmæli sínu 1985 frá systkinum sínum, Sigurgeiri og Margréti Jónsbörnum.

Á myndinni er skjöldur sem á stendur: *Nesstofa. Til Læknafélags Íslands 2025 frá Ólafi Jónssyni lækni f. 1935.*

Það er skemmtileg tilviljun að vatnslitamynd af Nesstofu berst Læknafélaginu á sama tíma og verið er að leggja lokahönd á stofnun Lækningaminjasjóðs Jóns Steffensens. Nesstofa á Seltjarnarnesi var byggð á árunum 1761-1763 sem aðsetur Bjarna Pálssonar (1719-1779), fyrsta landlæknis Íslendinga. Nesstofa komst í einkaeigu árið 1834 en ríkissjóður



keypti húsið í tveimur áföngum árin 1976 og 1979. Nesstofa er nú í umsjón Þjóðminjasafnsins og er það von Læknafélagsins að þar verði í framtíðinni unnt að hafa sýningar á lækningaminjum Jóns Steffensens, sem hann ánaftaði íslenska ríkinu við andlát sitt.

Stjórn Læknafélags Íslands þakkar Ólafi Jónssyni af heilum hug fyrir þessa góðu gjöf. Myndinni verður fundinn viðeigandi staður í húsakynnum félagsins í Hlíðasmára 8, Kópavogi.

■ ■ ■ Katrín Þórarinsdóttir

## Fjölbreytt og fræðandi dagskrá á boðstólum á Læknadögum

Að vanda verður mikið um að vera á Læknadögum í Hörpu dagana 19.-23. janúar næstkomandi. Á hverjum degi verða sex málþing og þrír til fimm hádegisfyrirlestrar. Ráðstefnan opnar á mánudeginum með tveimur málþingum um áfengi og lýðheilsu en áfram verður fjallað um þetta mikilvæga málefni á opnu málþingi fyrir almenning á miðvikudeginum. Á þriðjudeginum má nefna málþing um meðferðarmöguleika við slagi og málþing um algeng vanda-mál í meltingarlækningum. Á miðvikudeginum verður hægt að fræðast um nýjungar í meðferð lungnasjúkdóma fyrir hádegi og nýjungar á ýmsum sviðum læknisfræðinnar eftir hádegi. Einnig verður málþing tileinkað vísindastarfi

á Íslandi á miðvikudeginum þar sem verða stuttar kynningar á doktorsritgerðum við læknadeild 2024-5 og heiðursvísindamaður málþingsins heiðraður. Á fimmtudeginum verða tvö málþing sem tengjast meðgöngu, annarsvegar innkirtlasjúkdómum á meðgöngu og hins vegar lyfjameðferð á meðgöngu. Málþing um óþarfalækningar og hvernig hægt er að vanda valið á rannsóknum verður á fimmtudeginum. Einstaklings-sniðin heilbrigðisþjónusta hefur verið í kastljósinu undanfarið og verður mál-efni málþings á föstudeginum. Einnig verða á dagskrá föstudagsins málþing um húðkrabbamein og málþing um ristil-og endaparmskrabbamein á Íslandi. Ríkulegt framboð verður af vinnu-



Katrín Þórarinsdóttir, formaður Fræðslustofnunar LÍ, á setningu Læknadaga 2025.

búðum og vinnustofum af ýmsu tagi, allt frá líkamsskoðun yfir í vinnustofu um gerð gagnagrunna. Dagskrárliðirnir sem hér hafa verið nefndir eru einungis brot af því spennandi framboði sem er á Læknadögum en dagskrána má finna á heimasíðu Læknafélagsins.